

Ár 2023, miðvikudaginn 11. janúar er dómþing Dómstóls ÍSÍ haldið að Austurströnd 3, Seltjarnarnesi af Gunnari Guðmundssyni dómara.

Fyrir er tekið: Mál nr. 1/2023

Garðar Héðinsson

gegn

Stjórn Skotípróttafélags Norðurlands

Kærugögn málsins liggja frammi í réttinum.

Er nú í réttinum kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR

Málið var kært til skrifstofu ÍSÍ þann 7. janúar 2023 og er málið nú á forræði dómsforseta til að gagna úr skugga um að öll lagaskilyrði séu uppfyllt varðandi meðferð málsins fyrir Dómstóli ÍSÍ.

II.

Dómkröfur:

Krafa kæranda hljóðar svo:

”Óskað er eftir úrskurði um á hvaða grundvelli stjórn félags getur hafnað aðild einstaklings og/eða vikið honum úr félagi.”

Málavestir:

Í kæru eru málavextir tilgreindir með eftirfarandi hætti:

”Vegna umsóknar um inngöngu í Skotípróttafélag Norðurlands 24.10.2022 sem ekki var svarað þrátt fyrir ítrekanir á þeim tíma. Eftir ítrekun 05.11.2022 var Héraðssambandi Þingeyinga send kvörtun. Viðbrögð Skotípróttafélags Norðurlands komu svo 06.01.2023 þar sem inntöku í félagið var hafnað án raka og skýringa.

Líklegt er talið að reynt sé að draga málið á langinn til að umsækjandi hafi ekki atkvæðisrétt á aðalfundi.

Lagarök:

Lagarök eru þannig í kæru:4. gr.

”Félagi getur hver sá orðið sem er íslenskur ríkisborgari. Erlendir ríkisborgarar geta orðið félagar í Skotípróttafélagi Norðurlands, séu þeir búsettir hér á landi.

Um inntöku þeirra gilda sömu reglur og um íslenska ríkisborgara.

5.gr.

Félagar greiða árgjald til félagsins. Upphæð árgjalds er ákveðin á aðalfundi. Félagi nýtur fullra réttinda ef hann er skuldlaus við félagið. Skuldi félagsmaður árgjöld fyrir tvö ár má stjórnin víkja honum úr félaginu að undangenginni innheimtutilraun. Aðalfundi er heimilt að setja sérstakt inntökugjald í félagið.”

Röksemdir kærðu:

”Í lögum félagsins eru allir boðnir velkomnir og í ljósi þess að hvergi liggja fyrir upplýsingar um félagsgjöld eru þau ekki komin á. Félagsgjöld verða ekki sett á fyrir en á aðalfundi og því ætti innganga í félagið ekki að taka langan tíma frá umsókn. Dylgjur um ástæður og mat á umsækjendum sem getið er um í meðfylgjandi gögnum en eru í engu útskýrð virðast hvergi eiga sér lagastoð hjá félaginu eða íþróttahreyfingunni.

Um sönnunargögn kemur eftirfaranis fram í kæru:

”Sjálfsagt er að áframsenda upphaflega pósta sé þess óskað. Meðfylgjandi afrit af póstsamskiptum vegna umsóknar:

Umsókn yðar um inngöngu í Skotíþróttafélag Norðurlands hefur verið rædd og afgreidd.

Stjórn félagsins samþykkir ekki umsókn um inngöngu í Skotíþróttafélag Norðurlands að þessu sinni. Og fyrir því liggja ákveðnar ástæður að mati stjórnar sem ekki er hægt að líta framhjá við mat á hæfni umsækjenda.

Fyrir hönd stjórnar Skotíþróttafélags Norðurlands

Kristján Arnarson
Formaður”

III.

Niðurstaða:

Eins og mál þetta er lagt fyrir dómstólinn af kæranda verður ekki talið að málið sé dómtækt þar sem kröfugerð og málalíbúnaður uppfyllir ekki skilyrði greinar 26.2. í lögum ÍSÍ. Með vísan til framanritaðs verður ekki hjá því komist að vísa máli þessu frá dómi.

IV.

ÚRSKURÐARORÐ:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Gunnar Guðmundsson

Kærendum er bent á ákvæði 24.3 í lögum ÍSÍ, en þar segir: Sé máli vísað frá dómi hefur kærandi þriggja daga frest til að skjóta málinu aftur fyrir dómstólinn. Frestur skal byrja að líða þegar frávísun berst kæranda og almennir frídagar skulu ekki telja með. Þá er kærendum einnig bent á ákvæði 33.1 í lögum ÍSÍ, en þar segir að heimilt sé að skjóta til áfryjunardómstóls ÍSÍ, dómum og úrskurðum dómstóls ÍSÍ og af grein 33.3 leiðir að frestur til að skjóta máli til áfryjunardómstóls er ein vika frá því að aðila var kunnugt um niðurstöðuna.